

Alþingi
Erindi nr. P 130/1189
komudagur 27.2.2004

Nefndasvið Alþingis
Efnahags og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. febrúar 2004

Landssambandi eldri borgara hefur borist til umsagnar frumvarp til laga á þskj. 818-543, mál um breytingar á lögum nr.36/1978.

Framkvæmdastjórn LEB hefur fjallað um málið á fundi sínum í dag. Augljóst er að umrætt ákvæði til breytinga á 36. grein lagana er líklegt til þess að stuðla að auknu framboði á leiguhúsnæði á markaði og því fyllsta ástæða til að styðja að framgangi málsins.

Það verður heldur ekki séð að aðrir gerningar sem upp eru taldir í 35. grein lagana, sem undanþegnir stimpilgjaldi ættu frekar að vera það heldur en sá sem frumvarpið fjallar um.

Framkvæmdarstjórn Landssambands eldri borgara mælir því með að málið fái jákvæða afgreiðslu á Alþingi.

F.h. Landssambands eldri borgara

Benedikt Davíðsson
Borgartún 30-105 Reykjavík
Sími: 535-6000